



Fundargerð

**Svæðisráð norðursvæðis - 54. fundur svæðisráðs norðursvæðis haldinn Akureyri,
Hafnarstræti 91,
9. október 2018, kl. 14:00.**

Fundinn sátu:

Óli Halldórsson, Hjördís Finnbogadóttir, Grétar G. Ingvarsson, Anton Freyr Birgisson, Guðmundur Ögmundsson, Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir og Magnús Guðmundsson.

Fundargerð ritaði: Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, þjóðgarðsvörður á hálendi.

1. Rekstraráætlun 2019 - 1809004

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu á vinnu við gerð rekstraráætlunar 2019.

Svæðisráð hvetur stjórn og starfsfólk Vatnajökulsþjóðgarðs til að tryggja landvörslu og þjónustu á norðursvæði á næsta ári. Ljóst er að fjárveitingar fyrir árið 2018 dugðu ekki til að halda uppi því þjónustumarkmiði sem þjóðgarðurinn hefur sett sér, né til að tryggja viðunandi landvörslu innan þjóðgarðsins. Jafnframt þarf að hafa í huga að fyrirséð er að heilsársvegur klárast á milli Dettifoss og Ásbyrgis seinni part næsta sumars og að það muni auka mjög álag á starfstöðina í Ásbyrgi, sem og áfangastaðina Vesturdal og Hólmatungur. Ennfremur er orðin brýn þörf á landvörslu vestan Dyngjufjalla.

Svæðisráð fagnar bókun stjórnar um mikilvægi heilsársopnunar Gljúfrastofu og leggur áherslu á að fjármagn til hennar verði tryggt.

Tryggja þarf fjármagn til deiliskipulagsvinnu í Drekaþigi, Ásbyrgi og mögulega við Dettifoss.

2. Dettifoss salernismál - 1805017

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu undirbúnings vegna fyrirhugaðs salernishúss við vestanverðan Dettifoss.

Vegna fyrirséðrar aukningar umferðar við verklok Dettifossveggar leggur svæðisráð til að uppbygging á þjónustubyggingum við Dettifoss verði hraðað eins og kostur er, þar á meðal verði staðarval endurmetið.

3. Stofnun miðhálandisþjóðgarðs - 1809019

Formaður svæðisráðs, sem jafnframt er formaður starfshóps um miðhálandisþjóðgarð, fór yfir stöðu málsins.

Svæðisráð ræddi um miðhálandisþjóðgarð með hliðsjón af þeirri reynslu sem komin er af starfsemi Vatnajökulsþjóðgarðs. Svæðisráð telur samstarf við heimamenn mikilvægt í undirbúningsferlinu og mikilvægt að þeir komi að stjórnun þjóðgarðsins líkt og í Vatnajökulsþjóðgarði.

4. Meiðavellir - deiliskipulag - 1810002

Þjóðgarðsvörður í Jökulsárgljúfrum lagði fram frumdrög að deiliskipulagi sem verið er að vinna fyrir landeiganda Meiðavalla.

Lagt fram til kynningar. Svæðisráð mun fylgjast með framvindu málsins og koma ábendingum á framfæri eftir því sem það sér ástæðu til.

5. UNESCO - 1808005

Fulltrúar IUCN ásamt sendinefnd sóttu þjóðgarðinn heim í tengslum við úttekt vegna umsóknar Vatnajökulspjóðgarðs um að komast á heimsminjaskrá UNESCO. Í tengslum við ferðina var haldinn opinn fundur um málefnið í Mývatnssveit.

Heimsóknin og fundurinn var ánægjuleg að mati þjóðgarðsvarða og svæðisráðsfulltrúa og gagnleg með tilliti til þróunar innra starfs þjóðgarðsins.

Fundi slitið kl. 16:15.

Óli Halldórsson

Hjördís Finnbogadóttir

Grétar G. Ingvarsson

Anton Freyr Birgisson
